

inga.run.olafsdottir@samband.is

Til : inga.run.olafsdottir@samband.is
Frá : inga.run.olafsdottir@samband.is
Heiti : Endurskoðun viðræðuáætlunar við Kennarasamband Íslands
Málsnúmer. : 2019070111
Málsaðili : Samband Íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags : 4.9.2019 10:41:20
Höfundur : Inga Rún Ólafsdóttir

Viðhengi

[image002.jpg](#)

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga, mannauðsstjóra og launafulltrúa,

Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur undirritað samkomulag við Kennarasamband Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands, Félags grunnskólakennara, Félags stjórnenda leikskóla, Félags leikskólakennara og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum um endurskoðun viðræðuáætlunar aðila.

Samkomulagið felur í sér að aðilar munu ræða saman af heilindum með það að markmiði að ljúka endurnýjun kjarasamnings fyrir 30. nóvember 2019.

Vegna þess er að framan greinir eru aðilar sammála um að greiða hverjum starfsmanni í fullu starfi eingreiðslu þann 1. nóvember 2019, að upphæð 105.000 kr. eftir því sem við á fyrir tímabilið 1. júlí eða 1. ágúst til og með 30. nóvember 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall.

Það er sameiginlegur skilningur aðila að ofangreindar fjárhæðir séu hluti fyrirhugaðra launabreytinga á gildistíma hinna endurnýjuðu kjarasamninga og verði metinn sem hluti af kostnaðaráhrifum þeirra.

Með samkomulaginu fylgir eftirfarandi yfirlýsing frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga:

Þ Samband íslenskra sveitarfélaga lýsir því yfir að starfsmenn í fæðingarorlofi fái eingreiðslu samkvæmt 4.gr. meðfylgjandi samkomulags með sama fyrirkomulagi og ákvarðað var á 82. fundi samstarfsnefndar sambandsins og Félags grunnskólakennara þann 7. júní 2018.

Þrátt fyrir ofangreint er áréttað að þessi ákvörðun hefur ekki fordæmisgildi, komi til frekari eingreiðsla með nýjum kjarasamningum aðila.?

Með góðri kveðju,



Inga Rún Ólafsdóttir

sviðsstjóri kjarasviðs

Beint innval: 515 4928 / 772 0305

Netfang: inga.run.olafsdottir@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr.

laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.